



# Fréttabréf

júní 2015

www.tourette.is

tourette@tourette.is

840 2210

---

## Skrifstofan okkar er flutt í nýtt húsnæði í Hátúni 10 – opið hús 11. júní n.k.

Opið hús verður á nýju skrifstofunni okkar fimmtudaginn 11. júní n.k. frá kl. 16 til 18. Auk okkar verða félögin LAUF, Samtök sykursjúkra og Félag nýrnasjúkra með opið hús á sama tíma.

Í maí s.l. fluttu líknarfélög, sem undanfarið hafa haft aðsetur í Þjónustusetri líknarfélaga, af efstu hæði í Hátúni 10b og niður á jarðhæðina í nýuppgert skrifstofuhúsnæði þar í tengibyggingunni, Hátúni 10.

Inngangurinn til okkar er rétt innan við útidyrnar vestast í tengibyggingunni, sjá myndina hér til hægri, en hægt er að ganga inn í hana á nokkrum stöðum.



---

## Aðalfundur samtakanna var haldinn 28. maí s.l. og í stjórninni eru:

Sigrún Gunnarsdóttir formaður, kosin til tveggja ára  
Örnólfur Thorlacius varaformaður, áfram í eitt ár  
Erla Sólrún Valtýsdóttir gjaldkeri, kosin til tveggja ára  
Íris Árnadóttir ritari, áfram í eitt ár  
Arnprúður Karlsdóttir meðstjórnandi, kosin til tveggja ára

---

## Undirskriftir vegna Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks

Undirskriftasöfnun vegna Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks hefur staðið yfir á vef Öryrkjabandalags Íslands, [www.obi.is/askorun](http://www.obi.is/askorun), þar sem skorað er á stjórnvöld að innleiða samninginn. Ísland tók þátt í undirritun samningsins árið 2007 en hefur ekki enn staðfest hann, sem rúmlega 150 lönd hafa nú gert. Ísland, Írland, Holland og Finnland eru nú einu löndin Evrópu sem ekki hafa enn innleitt samninginn.

Sjá má nánar um Samning SP um réttindi fatlaðs fólks á vefslóðinni:

[www.obi.is/thinn-rettur/samningar-um-malefni-fatladra/](http://www.obi.is/thinn-rettur/samningar-um-malefni-fatladra/)

## Vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur um sérstakar húsaleigubætur

Örorkulífeyrisþegi vann mál gegn Reykjavíkurborg vegna sérstakra húsaleigubóta. ÖBÍ rak málið fyrir viðkomandi enda er þetta prófmál sem varðar stóran hóp örorkulífeyrisþega sem leigja hjá leigufélagi líkt og Brynja hússjóður ÖBÍ er. Niðurstaða dómsins var sú að Reykjavíkurborg hafði ekki rétt á að synja leigjandanum um sérstakar húsaleigubætur þar sem hann væri að leigja húsnæði hjá Brynju hússjóði. Ætla má að réttarbót fylgi í kjölfarið.

Fréttatilkynning ÖBÍ: [www.obi.is/utgafa/frettir/nr/1757](http://www.obi.is/utgafa/frettir/nr/1757)

Umfjöllun RÚV: [www.ruv.is/frett/borgin-matti-ekki-synja-oryrkja-um-baetur](http://www.ruv.is/frett/borgin-matti-ekki-synja-oryrkja-um-baetur)

Á vef Velferðarráðuneytisins segir eftirfarandi: Sveitarstjórn getur tekið ákvörðun um að greiða hærri húsaleigubætur en sem nemur grunnfjárhæðum húsaleigubóta. Um er að ræða húsaleigubætur sem eru viðbót við grunnfjárhæðir húsaleigubóta, þ.e. „sérstakar húsaleigubætur“. Sveitarstjórn skal setja reglur um slíkar bætur og kynna íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar leigjendum sem búa við mjög erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður. Stuðningurinn er tengdur leigjandanum sjálfum í formi sérstakra bóta sem taka mið af persónulegum aðstæðum í stað þess að tengjast íbúðinni. Breytingin felur jafnframt í sér að valfrelsi leigjenda eykst og stuðningskerfið verður sýnilegra.

Umsækjendur sem uppfylla ákveðin skilyrði, til dæmis um tekjur og eignir, eiga rétt á greiðslum. Aðgerð þessi er í samræmi við [4. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997](#), og sérstöku húsaleigubæturnar fylgja skilyrðum, reglum og jafnvel útreikningi hefðbundinna húsaleigubóta og eru nátengdar þeim. Frá 1. apríl 2008 hefur ríkið endurgreitt í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 60% af útgjöldum sveitarfélaga vegna sérstakra húsaleigubóta.

Reykjavíkurborg hefur greitt þessar bætur þeim sem uppfylla skilyrðin og leigja á almennum markaði eða af Félagsbústöðum hf.

Þeim sem leigja af Brynju hússjóði ÖBÍ, Sjálfsbjörgu, Blindrafélaginu og fleiri samtökum hefur verið neitað um þessar bætur.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur féll dómur þar sem viðurkennt var að Reykjavíkurborg sé óheimilt að útiloka þá sem leigja af svona samtökum frá þessum bótum. Borgin hefur þrjá mánuði til að áfrýja dómnum og þá má búast við að Hæstiréttur dæmi í málinu eftir um 10 mánuði.

**Því er mikilvægt að fólk, sem leigir hjá Brynju hússjóði, fari að sækja um hjá Reykjavíkurborg vegna afturvirks bótaréttar. Ef ekki er áfrýjað eða að málið vinnst í Hæstarétti á fólk rétt á bótunum afturvirkt frá því að það sækir um. Bent er á að nauðsynlegt er að hafa öll samskipti skrifleg. Aldrei að láta duga að fá munnlegt svar frá starfsmanni Reykjavíkurborgar. Þeir stunda að svara sem mestu gegnum síma og þá hefur fólk ekkert í höndunum sem sannar samskiptin.**

## Vakin er athygli á tveimur nýútkomnum bókum

Nýlega kom út bókina **Vertu úlfur – wargus esto** eftir Héðin Unnsteins-son. Hún hefur hlotið lofsamlegar móttökur hjá gagnrýnendum og les-endum og hefur vakið verðskuldaða athygli á stöðu fólks sem af mörgum er talið vera á jaðri samfélagsins. Bókin er núna í 5. Sæti á metsölulista Forlagsins og kostar þar tæpar 2.700 kr.



Þórunn Sigurðardóttir hefur þetta að segja um bókina:

*„Bók Héðins Unnsteins-sonar Vertu úlfur - wargus esto - er einhver magn- aðasta og áhrifaríkasta lesning sem til mín hefur ratað. Þvílíkur talsmaður fyrir betri geðheilbrigðisþjónustu, meiri mennsku og auknum skilningi á þörfum þeirra sem glíma við andlega erfiðleika. Það á enginn að geta útskrifast í íslensku heilbrigðiskerfi, hvorki læknar né aðrir, án þess að lesa þessa bók. ....“*

Alþjóðlega metsölubókin **Ég átti svartan hund** er nú komin út í íslenskri þýðingu og stendur Geðhjálp fyrir útgáfu hennar. Höfund-urinn, Michael Johnstone, þjáðist lengi af þunglyndi en óttaðist að tala um það af hræðslu við fordæmingu annarra. Hryðjuverka-árásinar 11. september 2001 í Bandaríkjunum breyttu viðhorfi hans til lífsins og ákvað hann þá að vinna í sínum málum.



Þunglyndi fer mjög vaxandi og stefnir í að verða annar útbreiddasti heilsufarsvandi í heiminum árið 2020.

Bókina er seld hjá Geðhjálp, Borgartúni 3, á aðeins 2.000 kr. (ath. að ekki er posi þar). Einnig er hægt að kaupa bókina í Eymundsson, Iðu og Máli & Menningu.

---

## Áður útgefnar bækur Tourette-samtakanna á lækkuðu verði til frambúðar

Verðlækkunin er á bókum samtakanna sem samtökin gáfu út frá 2002 og t.o.m. 2011 hefur mælst vel fyrir. Nú eru sem sagt þessar bækur allar seldar á sama verði, á verði þeirrar ódýrustu, sem er 1.000 kr. og allar saman í pakka á 5000 kr., sjá nánar ef smellt er á hnapp þennan á Tourettevef.



**Tígurinn taminn**

**Ráð handa reiðum krökkum – reiðistjórnunarbók**



**Tourette: staðreyndir**

**Af hverju ertu að þessu?**

**Tourette – hagnýtar leiðbeiningar fyrir kennara, foreldra og fagfólk**

**Órólfur – Sögubók fyrir börn um árátu og þráhyggju**

Verðlækkunin á bókapakkanum er um helmingafsláttur, látið berast.



**Tourette-samtökin** hafa símanúmerið **840 2210** og netfangið **[tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is)** og skrifstofan er að **Hátúni 10 í tengibyggingu á jarðhæð**. Svarað er í símann á virkum dögum, yfirleitt eftir hádegjið. Hægt er að hringja utan þess tíma, tala skilaboð og símanúmer inn á símsvarann og við höfum samband við fyrsta tækifæri.

**Tourette-kynningar** – Á vefslóðinni [www.tourette.is/Xodus.aspx?id=50&MainCatID=2](http://www.tourette.is/Xodus.aspx?id=50&MainCatID=2) má sjá um efni varðandi bæði kynningar á Tourette í yngri og eldri bekkjum grunn-skóla og um kynningar sem panta má fyrir starfsfólk skóla, vinnustaðahópa, o.fl.

**Þeir sem hafa nýlega gengið í samtökin** – Velkomið er að hafa samband með því að hringja eða senda tölvupóst. Getum skotið á fundi með fólki t.d. vegna erfiðleika í skóla o.fl.þ.h. Ef þið hafið ekki fengið tölvupóst innan mánaðar eftir að hafa skráð ykkur í félagið á vefnum þá hafið samband.

**Tourette foreldrar og Tourette - Ísland á Facebook** – Þeir sem vilja skrá sig í þessa Facebook hópa fari inn á [www.Facebook.com](http://www.Facebook.com), fara þar í Hópa/Groups, finna *Tourette foreldrar* eða *Tourette – Ísland* (skrá heiti hópsins í „search for groups“ svæðið) og sækja um aðgang. Þegar sótt hefur verið um aðgang fær stjórnandi hóps sjálfkrafa tölvupóst um það og getur samþykkt viðkomandi sem meðlim.

**Minum á** – Tilkynnið breytingar bæði á netföngum og heimilisföngum. Við fáum oft tilkynningar um úrelt eða yfirfull pósts væði hjá tölvupóstþjónustum og sum ykkar geta þannig misst af tölvupóstum. Sendið okkur tölvupóst á [tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is) um breytingar. Minnum einnig á greiðslu árgjaldsins ef fólk hefur ekki þegar greitt. Það hefur verið óbreytt í mörg ár og er aðeins 1700 kr.

**Sjónarhóll, ráðgjafamiðstöð** – Félagsmenn í Tourette-samtökunum geta nýtt sér þjónustu Sjónarhóls. Þar er að finna fagfólk með reynslu og sem veitir hjálp í sambandi við ýmis mál. Margir okkar félagsmanna hafa nýtt sér þetta og fengið góðar úrlausnir. Heimasíða þeirra er [www.sjonarholl.net](http://www.sjonarholl.net)



**ADHD samtökin** – Fylgist líka með starfi ADHD samtakanna, heimasíðan er [www.adhd.is](http://www.adhd.is) Þar er ýmis fróðleikur, upplýsingar um námskeið o.þ.h. og einnig margt frétt næmt fyrir okkur.

**Tölvumiðstöð fatlaðra** – Fylgist líka með vef TMF, þar má sjá nánar hvaða starfsemi og ráðgjöf er í gangi og dagskrá um námskeið er þar að finna á forsiðu, heimasíða þeirra er [www.tmf.is](http://www.tmf.is) Athugið að ekki kostar neitt að leita þar ráðgjafar og vægt verð er á námskeiðum þeim sem boðið er upp á.



**Upplýsingavefur um stam** – Þar sem stam er talsvert algengt hjá þeim sem eru með Tourette viljum við benda á félagið Málbjörgu, félag sem stendur fyrir fræðslu um stam, og heimasíðu þess sem er [www.stam.is](http://www.stam.is)

**Regnhlífarsamtök** – Tourettesamtökin starfa undir hatti Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ, og Umhyggju og hafa aðild að Sjónarhóli, ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna



með sérþarfir. Fylgist vel með fréttum og því sem fram fer hjá ÖBÍ og Umhyggju á [www.obi.is](http://www.obi.is) og [www.umhyggja.is](http://www.umhyggja.is) Þar er ýmislegt að finna, ekki síst varðandi réttindi, aðstoð o.þ.h. Um þessar mundir er til dæmis hægt að fá viðtal hjá sálfræðingi á vegum Umhyggju án kostnaðar og sækja má um dvöl í sumarhúsum sem Umhyggja hefur fengið tímabundna styrki til að reka. Fá má nánari upplýsingar um þetta á hverjum tíma með því að hringja á skrifstofu Umhyggju.